



**Barnaheill**  
ÁRSSKÝRSLA 2018



2018–2019

## Stjórn

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður  
Páll Valur Björnsson, varaformaður  
Anni Haugen, meðstjórnandi  
Atli Þór Albertsson, meðstjórnandi  
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi  
Helga Arnardóttir, meðstjórnandi  
Jón Ragnar Jónsson, meðstjórnandi  
Brynja Dan Gunnarsdóttir, varamaður  
Guðlaugur Kristmundsson, varamaður  
Guðmundur Steingrímsson, varamaður

## Ungmennaráð

Ingibjörg Ragnheiður Linnét, formaður

## Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri  
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri  
innlendra- og Evrópuverkefna  
Linda Hrönn Þórisdóttir, verkefnastjóri  
innlendra verkefna  
Aldís Yngvadóttir, verkefnastjóri kynningarmála  
og fjáröflunar  
Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri  
innlendra verkefna  
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, sérfræðingur  
erlendra verkefna

## Ársskýrsla 2018

Barnaheill – Save the Children á Íslandi  
Reykjavík, apríl 2019  
Prentun: Litróf – Umhverfissvottuð prentsmiðja  
Forsíðumynd: Elísa B. Guðmundsdóttir

## Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni og framkvæmdastjóra
- 4 Líf og þroski
- 7 Menntun
- 8 Vernd gegn ofbeldi
- 9 Þátttaka
- 11 Fjáröflun
- 12 Erlent starf
- 15 Tekjur og gjöld 2018



## Stoðþjónusta

Guðbjörg Andrésdóttir, móttaka  
Ágústa K. Marísdóttir, bókarari

## Nefndir

### Kjörnefnd

Ásta Ágústsdóttir  
Bjarni Snæbjörnsson  
Helga Sverrisdóttir  
Til vara:  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir

### Laganefnd

Anni Haugen  
Harpa Rún Glad  
Áslaug Björgvinsdóttir  
Til vara:  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir

## Skoðunarmenn reikninga

Helga Jónasdóttir  
Þórður Þórkelsson  
Til vara:  
Ásta Ágústsdóttir  
Grétar Már Axelsson

## Fulltrúar í stjórn

### Mannréttindaskrifstofu Íslands

Áslaug Björgvinsdóttir, aðalmaður  
Erna Reynisdóttir, varamaður

## Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

## Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir



Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



Harpa Rut Hilmarsdóttir,  
formaður

Árið 2018 var gott og viðburðaríkt hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi. Í þeim mörgu og fjölbreyttu verkefnum sem samtökin sinna er unnið markvisst eftir samþykktari stefnu og framtíðarsýn til 2030. Þar er lögð áhersla á fjóra þætti:

**Líf og þroska** – að öll börn hafi jöfn tækifæri til að lifa og þroskast.

**Menntun** – að öll börn hafi jafnan aðgang að gæðamenntun.

**Vernd gegn ofbeldi** – að öll börn lifi öruggu lífi án ofbeldis og vanrækslu.

**Þátttöku** – að öll börn hafi tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem þau varða.

Stefnumótun fyrir árin 2019–2021 var unnin í lok árs og byggði hún áfram á þessum fjórum þáttum. Hæst ber að nefna þá áherslu að vera virkari þátttakendur í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu í erlendum verkefnum á ný. Barnaheill ætla sér stóra hluti í erlendum verkefnum á næstu árum.

Umfangsmesta verkefni Barnaheilla undanfarin ár hefur verið forvarnarkerfið Vinátta og var árið 2018 engin undantekning. Verkefnið hefur vaxið og dafnað og var Vináttaefni notað í um 50% allra leikskóla landsins undir lok ársins. Efnið sem leikskólum stendur til boða er fyrir þriggja til sex ára börn. Á árinu var unnið hörðum höndum að undirbúningi á útgáfu Vináttaefnis fyrir börn þriggja ára og yngri. Auk þess stóð yfir tilraunakennsla á efni fyrir sex til níu ára börn í 19 grunnskólum. Haldin var námstefna um Vinátta í mars sem tókst mjög vel. Um 150 manns sóttu hana. Viðtökur Vinátta hafa verið afar góðar og áhugi á efni mikill. Alls voru haldin 35 námskeið til kynningar og þjálfunar á notkun efnisins með rúmlega 800 þátttakendum. Málvarahlutverkið er veigamikill þáttur í starfi samtakanna. Þar ber hæst þrýstingur

á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Gerðar voru umsagnir um 26 lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2018. Samtökin héldu áfram baráttu sinni fyrir gjaldfrjálsri grunnenntun þar sem hvatt var til þess að afleggja svokallaða innkaupalista grunnskólubarna til að tryggja að öll börn á landinu sætu við sama borð. Ljóst var við upphaf skólaársins 2018–2019 myndu 99% allra grunnskólubarna fá ókeypis skólagögn. Samtökin fagna þessum árangri og munu halda áfram að þrýsta á stjórnvöld um að breyta lögum um grunnskóla á þann veg að ekki fari á milli mála að nemendur skuli ekki greiða fyrir skólagögn eins og ritföng, stílabækur og þess háttar.

Ungmennaráð Barnaheilla tók þátt í fjölmörgum verkefnum árið 2018. Vinaverkefnið hefur verið eitt víðamesta verkefni ungmennaráðsins síðustu ár. Af viðburðum í tengslum við verkefnið má nefna salsaball, páskabingó og kaffihúshitting. Ungmennaráðið ásamt ungmennaráði Unicef og ráðgjafahópi umboðsmanns barna, sáu um fræðslu fyrir nýja talmenn barna á Alþingi. Haldinn var fræðsludagur þar sem meðal annars var boðið upp á hinseginfræðslu. Þá fóru fulltrúar ráðsins bæði til Danmerkur og Noregs í tengslum við norrænt samstarf.

Viðurkenning Barnaheilla var að venju veitt við hátiðlega athöfn þann 20. nóvember á afmælisdegi Barnasáttmálans. Samtökin '78 hlutu viðurkenninguna að þessu sinni fyrir fræðslu, félagsstarf og ráðgjöf um hinsegin málefni sem er sérstaklega sniðin að börnum og ungu fólki og fjölskyldum þeirra. Sigríður Birna Valsdóttir, ráðgjafi hjá Samtökunum '78 veitti verðlaunum viðtöku og flutti þakkaræðu þar sem hún gaf góða innsýn í það fræðslu- og ráðgjafarstarf sem fram fer hjá Samtökunum '78.

Dagur mannréttinda barna var haldinn á afmælisdegi Barnasáttmálans, 20. nóvember í samstarfi Barnaheilla, dómsmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis og var að vanda tileinkaður fræðslu um mannréttindi barna. Samtökin efndu aftur til Mannréttindasmiðju með hvatningu til leik-, grunn- og framhaldsskóla um að virkja nemendur í slagorðasmið um 2. grein Barnasáttmálans. Margar skemmtilegar hugmyndir bárust og voru þær færðar í fjársjóðskistu á vefsvæði verkefnisins á barnaheill.is.

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin í sjöunda sinn á vormánuðum. Um 300 hjólum var útlutað í samstarfi við félagsþjónustur, grunnskóla og félagasamtök. Verkefnið hefur nú löngu sannað gildi sinn við að efla börn félagslega, líkamlega og andlega auk þess að stuðla að bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Á aðalfundi Barnaheilla, 10. apríl 2018, varð sú breyting á stjórn samtakanna að Kolbrún Baldursdóttir lét af formennsku og við tók Harpa Rut Hilmarsdóttir. Úr stjórn gengu einnig Ólafur Ó. Guðmundsson og Þórarinn Eldjárn. Í þeirra stað tóku sæti í stjórninni þau Áslaug Björgvinsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson og Helga Arnardóttir. Smávægilegar breytingar urðu á starfshlutfalli tveggja starfsmanna. Linda Hrönn Þórisdóttir verkefnastjóri var ráðin í 100% starf og Þóra Jónsdóttir verkefnastjóri lækkaði starfshlutfall sitt í 80%. Auk þess var Guðrún Helga Jóhannsdóttir ráðin í hlutastarf sem sérfræðingur í erlendum verkefnum.

Árleg fjáröflunarverkefni samtakanna eru gríðarlega mikilvæg sem og mánaðarlegur stuðningur Heillavina. Fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin var haldið í áttunda sinn með þátttöku 35 veitingastaða. Jólapeysan var að þessu sinni styrkt af Lindex á Íslandi og var afrakstrinum varið til styrktar börnum í hinu stríðshrjáða Jemen. Sala jólakorta er einnig drjúgur liður í fjáröflun samtakanna. Þá gátu samtökin lagt til fjármagn í mannúðaraðstoð Save the Children vegna Sírlandsstríðsins með styrk frá utanríkisráðuneytinu upp á 26,5 milljónir króna. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er forsenda þess að samtökin geti unnið að verkefnum sem bæta aðstæður barna á Íslandi og þar sem þörfin er mest í heiminum. Stjórn og starfsfólk Barnaheilla þakka einlæglega allan stuðning og velvild í garð samtakanna.

Stjórn, starfsfólki, ungmennaráði og sjálfbóðaliðum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarf og stuðning á árinu. Einnig vilja samtökin þakka öllum þeim samstarfsaðilum sem hafa unnið með samtökunum auk annarra aðila sem hafa lagt okkur lið með ýmsu móti.

Takk fyrir.

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður stjórnar  
Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri  
Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

## Um Barnaheill

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í um 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.**

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem það varðar.**

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA



### Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarrar stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest og fullgilt sáttmálann. Öllum sem vinna að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum.



### Dagur mannréttinda barna

Kynning á Barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi, en segja má að bragarbót hafi verið gerð á því árið 2016, þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um að gera 20. nóvember á ári hverju að degi helguðum fræðslu um mannréttindi barna. Með því móti eignast mannréttindi barna og Barnasáttmálinn fastan dag til kynningar og fræðslu árlega í skólum landsins. Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið að sjá um framkvæmd á þessum degi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og innviðisráðuneytið. Árið 2017 opnuðu Barnaheill Mannréttindasmiðju í tengslum við Dag mannréttinda barna. Undir hatti hennar var svo efnt til orðasmíðu árið 2018 sem börn á öllum skólastigum voru hvött til þátttöku í. Skólum voru send bréf til kynningar á orðasmíðjunni. Þátttaka fólst í að semja slagorð eða málshætti sem styðja við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengjast daglegu lífi nemenda og senda inn. Fjöldi slagorða barst og var útbúið veggspjald með nokkrum þeirra. Slagorðin og veggspjaldið má skoða í Fjársjóðskistu sem er á vefsíðu verkefnisins. Veggspjaldið er á baksíðu ársskýrslunnar.

### Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa á undanförmum árum tekið þátt í starfi Evrópuhóps Save the Children þar sem fátækt barna í Evrópu hefur verið könnuð. Hópurinn gaf út skýrslur árin 2014 og 2016. Á árinu 2018 var áframhaldandi samvinna Evrópuhóps Save the Children um málefnið þar sem meðal annars var skoðuð mismunun barna til þátttöku, svo sem í tómstundum, vegna efnahags foreldra þeirra og hvernig hægt væri að vinna gegn þeirri mismunun.

Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og fá ekki sömu tækifæri og önnur börn. Að uppræta barnafátækt er því mikilvægt og þurfa stjórnvöld að gera áætlanir þar að lútandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sent stjórnvöldum áskoranir um að uppræta fátækt og að tryggja öllum börnum þau réttindi sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, án nokkurrar mismununar. Á undanförmum árum hafa Barnaheill sérstaklega beitt sér fyrir gjaldfrjálsri grunnmenntun, sem börn eiga rétt á samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sjá nánari umfjöllun um þessa áskoranir samtakanna á bls. sex.

### Umhverfisstefna Barnaheilla

Barnaheill hafa sett sér umhverfisstefnu sem nefnist *Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð*. Samtökin vilja með starfi sínu vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í störfum sínum í þágu barna hafa samtökin því sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Til að jörðin verði áfram byggileg þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis og uppræta fátækt. Jafnframt að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna og taka mið af fjölbreytileika samfélaga. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum Barnaheilla skal leitast við að neikvæð áhrif á fólk, umhverfi og náttúru séu í lágmarki. Barnaheill telja mjög mikilvægt að allir sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra taki skýra afstöðu í orði og verki gegn loftslagsbreytingum því loftslagsbreytingar eru helsta ógn velferðar barna til framtíðar.

### HEILBRIGÐISMÁL



Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknaástoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Á árinu 2018 hófu Barnaheill samstarf við Proskahjálp og fleiri samtök til að skoða sérstaklega stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna á Íslandi. Ástæða er til að skoða það sérstaklega hvort þeim börnum sé mismunað hvað snertir þjónustu vegna stöðu þeirra og foreldra þeirra. Samstarfið heldur áfram á árinu 2019.

### Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 308 á árinu sem er 84% nýting.

### MÁLVARAHLUTVERK BARNAHEILLA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málsvarahlutverkið og

þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barni er fyrir bestu. Samtökin senda reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum Forvarnir og fræðsla.

Eftirtaldir umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru gerðar á árinu 2018:

Umsagnir til Alþingis:  
Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur). (Þingskjal 40 — 40. mál.) 02.01.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot). (Þingskjal 10 — 10. mál.) 24.01.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi). (Þingskjal 37 — 37. mál.) 27.02.2018

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun). Þingskjal 9 — 9. mál.) 28.02.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna). (Þingskjal 173 — 105. mál.) 28.02.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof,

nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). (Þingskjal 166 — 98. mál.) 28.02.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og barnalögum (ríkisfangsleysi). (Þingskjal 205 — 133. mál.) 02.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (umsagnir nánustu fjölskyldu). (Þingskjal 198 — 128. mál.) 02.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn). (Þingskjal 42 — 42. mál.) 02.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis). (Þingskjal 34 — 34. mál.) 02.03.2018

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. (Þingskjal 3 — 3. mál.) 14.03.2018

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnáslu í umgengismálum. (Þingskjal 157 — 90. mál.) 15.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir). (Þingskjal 165 — 97. mál.) 15.03.2018

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. (Þingskjal 88 — 74. mál.) 16.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. (Þingskjal 281 — 202. mál.) 19.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma). (Þingskjal 239 — 165. mál.) 19.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja). (Þingskjal 183 — 114. mál.) 23.03.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls) (238. mál., þingskjal 334.) 03.04.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir). (Þingskjal 12 — 12. mál.) 17.10.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. (25. mál., þingskjal 25.) 24.10.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994 um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing). (Þingskjal 156 – 156. mál.) 12.11.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi). (Þingskjal 15 — 15. mál.) 15.11.2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma). (Þingskjal 184 — 181. mál.) 18.11.2018

#### Aðrar umsagnir

Eftirfarandi umsagnir voru sendar dómsmálaráðuneyti:

Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um útlendinga. 14.02.2018

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómhúsum). 05.11.2018

#### Þrjústingur á stjórnvöld um gjaldfrjálsan grunnskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2015 vakið athygli á kostnaði foreldra vegna innkaupa á skólagögnum grunnskólabarna, svo sem ritföngum. Slíkur kostnaður er ekki einungis töluverður baggi fyrir barnafjölskyldur heldur er sú hefð, að foreldrar beri þennan kostnað, í ósamræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Kostnaðarþátttaka foreldra er því í raun ólögleg samkvæmt sáttmálanum og þess vegna ósættanleg. Samtökin hrundu af stað undirskriftasöfnun í ágúst 2016 til að þrýsta á stjórnvöld að breyta lögum og setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum eða taka við greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna. Á sjötta þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra í mars 2017. Lang flest sveitarfélög tóku áskorun Barnaheilla og haustið 2018 nutu um 99% barna á grunnskólaaldri gjaldfrjálsrar grunnmenntunar þar sem sveitarfélög útvega skólagögn.

#### Ráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er ráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Tæplega 20 erindi bárust á árinu 2018. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmis konar.

#### Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.



Frá afhendingu á Viðurkenningu Barnaheilla 2018.

F.v. frú Eliza Reid forsetafrú, Hrefna Þórarinsdóttir frá félagsmiðstöð Samtakanna 78, Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum 78 og Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður Barnaheilla.

Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2018 hlutu Samtökin 78 viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fyrir fræðslu, félagsstarf og ráðgjöf um hinsegin málefni sem er sérstaklega sniðin að börnum og ungu fólki og fjölskyldum þeirra. Það er ómetanlegt fyrir börn og ungt fólk sem er að fóta sig í lífinu sem hinsegin einstaklingar að hafa aðgang að ráðgjöf, félagslegum stuðningi og fræðslu sem auðveldar þeim að lifa til fulls í sátt við sig sjálf eins og þau eru. Samtökin hafa verið stoð og stytta margra sem „komið hafa út úr skápnunum“ og skipt sköpum í þeirra lífi sem hinsegin einstaklingar.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti um viðurkenningarhafann. Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum 78, flutti þakkarræðu fyrir hönd viðurkenningarhafa. Frú Eliza Reid, forsetafrú, flutti ávarp. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir fræðari í Hinsegin fræðslunni og fyrrum meðlimur í ungmennastarfi Samtakanna 78 og ungmennaráði Barnaheilla flutti einnig ávarp. Kór Öldutúnsskóla flutti tvö tónlistatriði undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur við undirleik Vignis Þórs Stefánssonar. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, stýrði athöfninni.

#### FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGAR-STARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Önnur samtök og opinberir aðilar leita til Barnaheilla eftir upplýsingum og fræðslu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og blaðagreinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook. Blað Barnaheilla kemur út ár hvert.

#### FRÆDSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna. Á vefsíðu samtakanna, barnaheill.is, er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess

að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum. Barnaheill gefa jafnframt út bækling um málefnið sem dreift er á heilsugæslustöðvar og víðar. *Þetta er líkaminn minn* er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um jákvæða og neikvæða snertingu. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu bókarinnar. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana og má ætla að tugir þúsunda íslenskra barna hafi notið góðs af henni frá því hún var fyrst gefin út árið 1998. Á árinu 2018 var 1.157 bókum dreift til um 22 heilsugæslustöðva og víðar.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út veggspjald um slysavarnir barna

til að afhenda foreldrum í ung- og smábarnavernd hjá heilsugæslunni. Veggspjaldið nefnist *Örugg börn*. Það sýnir hvernig hægt er að búa heimili og umhverfi barna á sem öruggastan hátt og reyna þannig að koma í veg fyrir að börn slasist, því slys eru yfirleitt ekki tilviljun. Mælt er með því að veggspjaldið sé afhent foreldrum í 5 mánaða skoðun. Karl Jóhann Jónsson listmálari gerði myndirnar á veggspjaldinu. Veggspjaldinu var dreift í 874 eintökum með aðstoð heilsugæslustöðva.

#### VITUNDARVAKNING

Samtökin hafa í gegnum tíðina staðið fyrir vitundarvakninu um ýmis málefni sem varða börn og velferð þeirra.

#### Símalaus sunnudagur

Barnaheill stóðu fyrir Símalausum sunnudegi þann 4. nóvember. Markmiðið var að vekja foreldra og aðra fullorðna til vitundar um áhrif af notkun snjallsíma á samskipti og tengsl innan fjölskyldunnar. Skorað var á fólk að leggja símanum þennan dag og verja honum til þess að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni. Átakið var kynnt í fjölmiðlum og auglýst á samfélagsmiðlum. Það hlaut mjög jákvæðar undirtektir.



Símalaus sunnudagur var haldinn í annað sinn 4. nóvember 2018 til að vekja foreldra til vitundar um áhrif snjallsímanotkunar á samskipti og tengsl.

## VERND BARNNA GEGN OFBELDI



Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðslufni þar að lútandi.

### Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Brýnt er að leita allra ráða til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi og koma í veg fyrir að efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi sé dreift á netinu. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um *Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti*. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokkum hérlandis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, tælingu, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis, hatusorðræðu og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir efnisins og finnur hvar það er vistað og sér til þess að það sé fjarlægð. Efnið getur verið vistað á fleiri en einum stað en mikilvægt er að það sé upprætt sem

fyrst eftir að það er tilkynnt, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmuni. Umrætt efni er í auknum mæli á svokölluðu Tor-neti (laukneti) sem erfitt er að rekja og uppræta. Ábendingalínan hefur frá árinu 2010 verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að hafa ábendingahnappinn á vefsíðum sínum. Jafnframt er hnappurinn auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hnappinn af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum – Save the Children á Íslandi borist ríflega 5.400 ábendingar í gegnum ábendingalínuna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífasmötökum ábendingalína. Í samtökunum eru meira en 48 ábendingalínur í 43 löndum og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Þær eru frá öllum heimsálfum en flestar frá Evrópu. Starf INHOPE samtakanna felst í samstarfi um að vinna gegn dreifingu á kynferðisofbeldi gegn börnum á neti, að efla þekkingu og deila reynslu um mál-efnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er meðal annars hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og eðli þeirra. Starf Inhope og ábendingalína hefur styrkst mjög með tilkomu nýrra tæknilausna og því hefur heildarfjöldi móttækinnar tilkynninga aukist mjög frá fyrri árum. Með nýrri tækni, sem býður upp á meiri sjálfvirkni um tilkynningar, hefur tilkynningum til ábendingalína fjölgað mjög mikið en á árinu 2018 voru þær yfir 10 milljónir alls. Hæsta hlutfall á hýsingu er í Bandaríkjunum (43%), þá Hollandi (19%), Rússlandi, Frakklandi og Kanada (7% hvert) og svo öðrum löndum. 62% efnis sem tilkynnt er til ábendingalína í heiminum öllum er fjarlægð af internetinu innan þriggja sólarhringa. Á því myndefni sem tilkynnt er um eru stúlkur í 90% tilvika, drengir í 7% tilvika og bæði kynin saman í 3% tilvika.

Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar er við ramman

reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Víða erlendis má nú sjá þess merki að þrýst er á um breiðari nálgun í forvörnum, svo sem með aukinni áherslu á að veita ofbeldisfólki meðferð og að veita fræðslu til þeirra sem hafa tilhneigingu til að beita börn ofbeldi. Þannig er reynt að nálgast fólk með því að styrkja það til réttra ákvarðana og hafa áhrif til góðs. Ennfremur er aukin áhersla lögð á að finna þolendurna sjálfa og koma þeim til hjálpar. Miklar framfarir hafa orðið í að bera kennsl á þolendur. Í ársbyrjun 2017 hófst samvinna Barnaheilla og SAFT við Google sem er fólgin í auglýsingu um ólögleg leitarnefnis sem varðar kynferðisofbeldi gegn börnum. Sá er slær inn tiltekin leitarorð í Google leitarvélina til að finna slíkt efni, fær birta auglýsingu um að leitun sé ólögleg og viðkomandi er boðið að leita ráðgjafar hjá Hjálparlínu Rauða krossins eða tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni til Ábendingalínu Barnaheilla.

### Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu ferðamanna sem eru á ferð erlendis

Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ferðamenn frá Íslandi og erlendir ferðamenn sem millilenda hér beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Samtökin gefa út póstkort með áletruninni *Áriðandi skilaboð til ferðamanna*. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur lagt samtökunum lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlæggra landa. Jafnframt geta ferðaskrifstofur fengið póstkortið til dreifingar.

## VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri for mobberi*, forvarnarkerfi gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi fékk námsefnið heitið *Vinátta*, en það hefur skírskotun í þau gildi sem efnið byggist á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaeefni, efni fyrir starfsfólk og foreldra auk kennsluleiðbeininga. Efninu fylgir bangsinn Blær sem er tákmynd vináttunnar. Starfsfólk skóla fær fræðslu og þjálfun í notkun efnisins. Veturinn 2014–2015 tóku sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum þátt í tilrauna- og aðlögunarvinnu með efni fyrir 3–6 ára börn í samstarfi við Barnaheill. Í byrjun árs 2016 stóð öllum leikskólum landsins til boða að vinna með Vináttu.

Vinátteikskólarnir voru orðnir 120 talsins í lok árs 2018 en það er hátt í 50% leikskóla á Íslandi. Mikil ánægja er með efnið meðal starfsfólks leikskólanna og greinilega má sjá árangur af notkun þess í jákvæðum samskiptum barna á leikskólunum. Haustið 2017 hófst tilraunavinnu í grunnskólum með efni fyrir 1.–4. bekk sem stóð einnig yfir árið 2018.

Þau sveitarfélög og grunnskólar sem taka þátt í tilraunavinnunni eru Álfrólsskóli, Hörðuvallaskóli, Lindaskóli Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli og Vatnsendaskóli í Kópavogi, Grunnskóli Seltjarnarness, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Hveragerðis, Klébergsskóli í Reykjavík, Grundaskólinn á Akranesi og Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ. Á árinu 2018 var unnið að þýðingu og útgáfu efnis fyrir börn frá 0–3 ára sem standa mun leikskólum og dagforeldrum til boða.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands er verndari *Vináttu*.

Í mars 2018 var haldin námstefna um *Vináttu* á Grand hóteli í Reykjavík sem um 150 þátttakendur af öllu landinu sóttu. Innlendir og erlendir fyrirlesarar fluttu



Börn í leikskólanum Uglukletti ásamt kennara sínum og Blæ bangsa.

á hugaverð erindi og forseti Íslands, verndari *Vináttu*, flutti ávarp.

Aðalfyrirlesari á námstefnunni var dr. Dorte Marie Søndergaard prófessor í félagsálfræði við háskólann í Árósum. Hún fjallaði um rannsóknir sínar á einelti og eðli



þess en niðurstöður þeirra sýna að einelti er félags-, samskipta- og menningarlegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi. Þess vegna þarf forvarnastarf í skólum að byggjast á aðferðum þar sem lögð er áhersla á að styrkja samskiptahæfni og félags- og tilfinningaþroska barna og að hafa áhrif á menningu og skólalag í stað þess að einblína á einstaklinga sem gerendur og þolendur. Þá greindu þær Christina Stær Mygind frá Mary Fonden og

Lene Lykkegaard frá Red Barnet – Save the Children í Danmörku frá reynslu og þróun *Vináttu – Fri for mobberi* í Danmörku.

Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri *Vináttu* hjá Barnaheillum, sagði frá þróun og útbreiðslu *Vináttu* hér á landi og Katrín Johnson, verkefnastjóri hjá Menntavísindastofnun HÍ kynnti niðurstöður tilraunakennslu á *Vináttu* í sex leikskólum. Þar kom meðal annars fram að börn sem unnu með efnið lærðu að leika sér betur saman og voru færari í að takast á við stríðni. Kennarar úr fjórum skólum greindu frá reynslu af *Vináttu* og sýndu fjölbreytt dæmi um hvernig verkefnið var samþætt skólalaginu. Guðjón Davíð Karlsson leikari (Gói) sagði áhrifaríka sögu um eigin reynslu af einelti.

Þessum frábæra degi lauk svo með því að Jón Jónsson tónlistarmaður og stjórnarmaður í Barnaheillum flutti nokkur lög.

## ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA



Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrst betur í íslensku samfélagi. Í samvinnu við Fréttablaðið hafa aug-

Lýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

### Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13–25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglina til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi tók þátt í fjölmörgum verkefnum árið 2018. Ungmennaráðið ásamt ungmennaráði Unicef og ráðgjafahópi umboðsmanns barna, sáu um fræðslu fyrir nýja talmsenn barna á Alþingi 23. febrúar 2018. Athöfn vegna undirskriftar talsmannanna var 19. mars og voru meðlimir ungmennaráðanna þriggja viðstaddir og fluttu stutt ávarp. Ungmennaráðið stóð fyrir fræðsludegi 7. apríl og þá fengu meðlimir ráðsins og aðrir góðir gestir hinseginfræðslu frá samtökunum '78 og svo fræddi Herdís Ágústa Linnét um þáttöku sína í Ungum vísindamönnum og rannsókn sína í tengslum við það verkefni. Najmo Fiyasko sagði sína sögu. Vinaverkefni ungmennaráðs Barnaheilla er hugsað fyrir unga nýbúa á Íslandi sem vilja kynna íslenskum unglungum og hvað þeir gera sér til gamans. Vinaverkefnið er líka fyrir íslensk ungmenni til að kynna ungum nýbúum landsins. Vinaverkefnið hefur verið eitt víðamesta verkefni ungmennaráðsins síðustu ár. Þann 15. febrúar 2018 stóð ungmennaráðið fyrir salsaballi fyrir vinaverkefnishópinn. 15. mars var farið í bíó. 26. mars stóð ungmennaráðið fyrir páskabingí. Svo var kaffihúshittingur 3. maí og annað salsaball 24. maí en þá bauð ungmennaráðið vina-



Stjórn ungmennaráðs Barnaheilla: F.v. Kolbeinn Þorsteinsson, Herdís Ágústa Linnét, Vera Fjalarsdóttir, Ingibjörg Ragnheiður Linnét og Gunnar Ágústsson. Á myndina vantar Katrínu Guðnadóttur og Najmo Fiyasko.

hópnum á salsaball Salsakommúnunnar í Lönnó. Á vorönn fóru tveir meðlimir ungmennaráðsins, Gunnar Ágústsson og Katrín Guðnadóttir, á fund til Danmerkur á vegum norræns samstarfs ungmennaráðsins. Sumarið 2018 fóru svo tveir meðlimir ráðsins, Gunnar og Najmo, til Noregs í samarbúðir á vegum Press, en það eru systursamtök ungmennaráðs Barnaheilla í Noregi. Aðalfundur ungmennaráðsins var haldinn 4. september.

### INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin starfa í nánun samstarfi við umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi, m.a. um verkefnið Talsmenn barna á Alþingi. Barnaheill starfa með þrýstihópi um bættu þjónustu við börn sem áður var getið og jafnframt með 1001 hópnum sem er samstarf ýmissa aðila sem vilja vekja athygli á mikilvægi tengslamyndunar barna og foreldra þeirra á fyrstu 1001 dögum í lífi barns. Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar velferðarráðuneytis frá stofnun hennar árið 2009 og eiga samtökin fulltrúa í báðum samráðshópum vaktarinnar. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála. Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra

í íslenski þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans og eiga fulltrúa í stjórn þeirra.

### SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglina á Íslandi. Verkefnið er hluti af Connecting Europe facility (CEF), og nýtur fjárstuðnings Evrópusambandsins á grundvelli net-öryggishluta samgönguáætlunar ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.

### SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldis- hlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörmin og að börn og unglungar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Ný skilaboð voru gerð á árinu 2018 þar sem foreldrar eru hvattir til að njóta samvista með börnum sínum og þau skilaboð gefin að samvera sé forvörn í sjálfri sér.

Hefðbundin verkefni SAMAN-hópsins eru að framleiða segla með útitvarreglum sem sveitarfélög sjá um dreifingu á, sending skilaboða til foreldra barna í lok 10. bekkjar og í upphafi framhaldsskólagöngu til að minna á 18 ára ábyrgð foreldra, hvatning til að njóta tímamóta saman svo sem með jóladagatali fyrir jólin, á áramótum, menningarnótt og yfir sumartímann. Vefsvæði hópsins er samanhopurinn.is og er hópurinn jafnframt með Facebook síðu.

### Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundum um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstoðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2018 var vímuefnavandi og lyfjanotkun ungmenna, skólaforðun, réttur barna í opinberri umfjöllun og metoo og börnin, þar sem fjallað var um öryggi barna og ungmenna í tómstunda-, íþrótt-, og æskulýðsstarfi. Vefsvæði hópsins er naumattum.is og hópurinn er jafnframt með Facebook síðu.

### Hjólásöfnun

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin sjöunda árið í röð í samvinnu við Æskuna, barnahreyfingu IOGT, endurvinnslustöðvar Sorpu, Gámaþjónustuna og Íslenska gámafélagið. Að þessu sinni voru auk þess Hjólafærni og Rauði kross Íslands samstarfsaðilar að verkefninu. Sjálfbóðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólavíðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaga, grunnskóla, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Rauða krossinn, Kvennaathvarfið og Hjálparstarf kirkjunnar. Um 600 hjól söfnuðust og tæplega 300 hjólum var úthlutað. Fasteignafélagið Reitir lánaði húsnæði til verkefnisins að Langaríma 21–23 í Reykjavík. Aðrir sem studdu verkefnið voru NI, Eimskip Flytjandi, Dominos og Kiwanis í Hafnarfirði.

Markmið hjólásöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið



Við upphaf hjólásöfnunar 23. mars. Á myndinn eru f.v. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Sesselja Traustadóttir, Hjólafærni, Aðalsteinn Gunnarsson, frá IOGT, Elsa Margrét Þórðardóttir og Bjartur Bóas Hinriksson sem tóku við fyrstu hjólunum, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri Sorpu og Friðrik Dór Jónsson, tónlistarmaður, sem afhenti fyrstu hjólin.

þátttakendur í samfélagi barna með auknum hætti og að þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættu umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

### Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Árið 2018 tóku samtökin virkan þátt í starfi yfirhóps og hóps um fátækt.

### Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2018 fór árlega fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin fram í áttunda sinn. Alls tóku 35 veitingastaðir á 100 stöðum þátt í átakanu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

### Jóla kort

Sala jóla korta er afar mikilvæg fjáröflunarleik fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Linda Ólafsdóttir listakona studdi samtökin með því að gefa



Listakonan Linda Ólafsdóttir hannaði jóla kort Barnaheilla 2018.

myndina „Friðarjól“ til prentunar á jóla kort samtakanna 2018.

### Jólapeysan

Fjáröflun í tengslum við jólapeysuna fór fram í sjöunda sinn. Safnað var fyrir neyðaraðstoð við stríðshrjád börn í Jemen og var það fataverslunin Lindex sem styrkti með því að láta 10% af andvirði valdra jólapeysa renna til samtakanna. Jólapeysan er að fyrirmynd Christmas Jumper átaks Save the Children í Bretlandi en hefur verið aðlagð að íslenski menningu og aðstæðum.

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

**MANNÚÐARAÐSTOÐ BARNHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI**



Tyrklandi, Líbanon og Írak. Sjóðnum er stjórnað af svæðaskrifstofu samtakanna fyrir Mið-Austurlönd sem staðsett er í Amman í Jórdaníu sem er miðstöð fyrir aðstoð við Sýrland.

Í nóvember fengu samtökin styrk frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 26,5 milljónir til stuðnings sýrlenskum börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Sýrlands og í flóttamannabúðum í nágrennlöndum. Samtals voru sendar út rúmlega 28 milljónir í lok ársins sem verður varið til verkefna á vegum Svæðasjóðs Barnaheilla – Save the Children í Sýrlandi og nágrennanríkjum Egyptalandi, Jórdaníu,


Markmið verkefnanna er að lina þjáningar barna og fjölskyldna þeirra sem eru fórnarlömb átakanna í Sýrlandi. Verkefni snúa að barnavernd, heilbrigðisþjónustu, húsaskjól, fæði og lífsviðurværi, hreinlætis-aðstöðu, næringu og menntun barna. Lögð er áhersla á fórnarlömb á vergangi innan Sýrlands, ennfremur er sérstök áhersla lögð á börn undir fimm ára aldri, barnshafandi konur og mæður með börn

á brjósti auk forráðamanna barna undir tveggja ára.

Helmingur fórnarlamba átakanna í Sýrlandi eru börn og frá því að átökin hófust árið 2011 hefur öryggi þeirra verið verulega ógnað, grunnþjónustu margra þeirra hefur ekki verið mætt og eru áhrifin á velsæld þeirra gífurleg. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er einn af hverjum þremur skólum skemmdur eða ónýtur og margir þeirra skóla sem enn standa eru notaðir til annars en að kenna börnum. Tæpar tvær milljónir barna eru utan skóla sem gerir einn þriðja sýrlenskra barna á skólaaldri (5–17 ára) og fer fjöldi barna sem hefur verið utan skóla í yfir fimm ár vaxandi. Engin kennsla fer fram í 74 af 171 flóttamannabúðum. Tíðni bólusetninga hefur hrapað frá 99% í 50–70%. Börn skortir enn vernd og mörg börn flosna upp úr námi vegna þess að þau fara í vinnu eða eru þvinguð í hjónaband.



Börn í flóttamannabúðum í Idlib í suð-vestur hluta Sýrlands í janúar 2018. Ljósmynd: Save the Children/Shafak.



Myndin sýnir hvar í heiminum Barnaheill – Save the Children sinntu mannúðaraðstoð árið 2018. Litirnir tákna viðbragðsstig þar sem rauður merkir hæsta viðbragðsstig. Eins og sjá má er hæsta viðbragðsstig í Jemen, Írak, Tyrklandi, Eþíópíu og Sýrlandi en þar lögðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi til 28 milljónir króna í mannúðaraðstoð árið 2018.

**MANNÚÐAR- OG NEYÐARAÐSTOÐ ALÞJÓÐASAMTAKANNA**

Mannúðar- og neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í neyðar- og mannúðaraðstoð á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum eru þau oftast ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í starfi að mannúðaraðstoð gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

**SKÝRSLUR ALÞJÓÐASAMTAKANNA**

Á árinu 2018 gáfu Save the Children út skýrsluna *The Many Faces of Exclusion* í tengslum við vitundarvakninguna *End of Childhood*. Í skýrslunni eru reifaðar helstu ástæður þess að börn eru svipt bernsku sinni og útilokuð frá því að njóta réttinda sinna. Meðal helstu ástæðna eru að börn eru á vergangi eða flótta frá stríðsátökum eða hörmungum, þau skortir menntun, búa við ofbeldi, eru þvinguð í hjónabönd og ótímabærar þunganir ungra stúlkna. Þá gáfu samtökin einnig út skýrsluna *Hear it from the Teachers – Getting Refugee Children Back to Learning* þar sem fjallað er um mikilvægi þess að börn á flóttu hafi tækifæri til þess að ganga í skóla. Árið 2017 nutu um fjórar milljónir flóttabarna um allan heim engrar menntunar eins og þau

eiga rétt á. Bent var á hve brýnt væri að mennta kennara á þeim svæðum þar sem flóttabörn dvelja og tryggja þannig aðgang þeirra að menntun og sálfélagslegri aðstoð.

Í þriðju skýrslu samtakanna sem út kom á árinu, *Voices from Syria's Danger Zones*, er fjallað um hörmulegar afleiðingar Sýrlandsstríðsins fyrir börnin þar í landi þau sjö ár sem stríðið hafði þá staðið yfir. Er sjónum ekki síst beint að sálrænum skaða sem börnin hafa orðið fyrir. Fjórdra skýrslan, *The War on Children – Time to End Grave Violations Against Children in Conflict*, fjallar um hræðilegar aðstæður barna sem búa á stríðshrjádum svæðum. Þessum börnum fjölgar stöðugt og þau njóta ekki þeirrar verndar sem þeim ber samkvæmt alþjóðasamningum og -reglum. Brotið er á þeim í auknum mæli og þeir sem það gera hljóta ekki refsingu fyrir.

## ERLENT SAMSTARF



Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.

Á hverju ári er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma

aðgerðir. Ársfundurinn 2018 var haldinn í Hong Kong. Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla og Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri sóttu fundinn. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg. Þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram og þar skapast auk þess tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi,

Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.




Helle Thorning-Schmidt, framkvæmdastjóri Save the Children International, fylgist með hjúkrunarfræðingum meðhöndla kornabarn í heimsókn í Al-Meshqafa búðunum í Lahj-héraði í Jemen 3. júlí 2018. Ljósmynd: Save the Children/Noora Nasser.

## Sérstakar þakkir


Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þakka öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið á árinu 2018. Með stuðningnum er samtökunum gert kleift að vinna mikilvægt starf í þágu barna.

**Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals tæplega 121 milljón. Um 60% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáraflana. Rekstrargjöld voru um 121 milljón, þar af runnu 67% beint í verkefni samtakanna. Reksturinn var í ágætu jafnvægi og var hagnaður með fjármagnsliðum um 0,6 milljónir á árinu.**

### SKIPTING TEKNA



### SKIPTING GJALDA





# Dagur mannréttinda barna 2018

Slagorð eftir grunnskólanema um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum

Þú færð ekki kraft  
úr því að sýna  
börnum misrétti

Gefðu æskunni  
gæsku

Það er nett  
að hafa rétt

Ég er ekki strákur, ég  
er ekki stelpa, ég er  
einstaklingur

Ég er kynið mitt og  
ég er kynþátturinn  
minn, en ég er svo  
miklu meira en það

Barnasál er  
heimsins mál

Ég er alveg eins  
mikils virði og þú, þó  
ég hafi ekki sömu trú

Öll börn  
eiga rétt á  
kærleika

Börn eiga  
rétt á vörn

Við erum ekki komin í  
heimahöfn fyrr en við  
erum öll jöfn

Verja ekki  
berja

Þú ert æði ef þú  
vilt jafnræði

Börn þurfa ást og  
umhyggju



Barnaheill